


Inngangur

Árlega greinast nú um 1800 einstaklingar með krabbamein á Íslandi og spáð er 52% fjölgun nýgreininga til ársins 2040. Því fylgja áskoranir og mælt er með notkun rafrænna lausna til þess að styðja við fólk í veikindum. Tilgangur verkefnisins var að þróa örugga rafræna gagnvirka samskiptagátt sem tengist sjúkraskrá sjúklings, þar sem hægt er að fylgjast með einkennum og þörfum sjúklings í rauntíma, veita einstaklingsmiðaða fræðslu og stuðning.

Aðferð

Undirbúningur hófst árið 2012 og 2018 gerðu Landspítali, Embætti Landlæknis, Krabbameinsfélag Íslands og Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins samstarfssamning um verkefnið sem er skipt í fimm fasa.



Niðurstöður

Krabbameinsgáttin var þróuð inn í öruggt umhverfi í SÖGU (Meðvera) og Heilsuveru (Meðferð). Innleiðing hófst að loknum prófunum.

1. Sjálfsmat sjúklings með ESASr og DT&PL, fjarvöktun einkenna og þarfa. Viðvaranakerfi fyrir einkennaskor í Meðveru. Gul flöggun við skor 3-6; Rauð flöggun við skor 7-10 og SMS til vakstjóra/teymisstjóra
2. Miðlun fræðsluefnis úr gæðahandbók Beint frá meðferðaraðila Sjálfvirkir um það sem sjúklingur merkir við á spurningalistum
3. Skilaboðasamskipti. Sjúklingur fær SMS og skilaboð frá honum flaggast.

Ályktanir

Krabbameinsgáttin er örugg samskiptagátt í Meðveru í Sögu og Meðferð í Heilsuveru. Krabbameinsgáttin gefur færi á að virkja sjúklinga til þátttöku, bregðast tímanlega við einkennum, veita upplýsingar og grípa inn í ef þörf krefur. Notendaprófanir og fýsileikarannsókn styðja við áframhaldandi þróun og innleiðingu. Með markvissri notkun gáttarinnar er mögulega hægt að hafa áhrif á líðan og lífsgæði þeirra sem eru í krabbameinsmeðferð.

